Mennta og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavik

Umsögn um drög að stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030

Neðangreind samtök fagna gerð stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna. Ljóst er þó að víða er pottur brotinn í þeim drögum sem sett eru fram. Samtökin gagnrýna skort á samráði, í þessari vinnu, við félagasamtök sem berjast fyrir hagsmunum langveikra barna og ungmenna og þeim sem glíma við fatlanir og raskanir.

A liður. Framboð og inntak félags og tómstundastarfs

Markmið stefnunnar er m.a að mennta- og menningarmálaráðuneytið styðji við fjölbreytt framboð félags-og tómstundastarfs og að starfið sé mótað út frá hagsmunum og forsendum barna og ungmenna út frá þörfum þeirra. Hér er mjög mikilvægt að hugað sé að þörfum langveikra barna og barna með fatlanir og raskanir og um leið að veita þeim stuðning við hæfi í því skyni að gera þeim kleift að taka þátt í skipulögðu félags-tómstunda og íþróttastarfi. Staðan sú að margir einstaklingar sem glíma við fatlanir og raskanir eru útilokaðir frá þátttöku meðal annars vegna skorts á stuðningsúrræðum. Drögin þurfa að vera skýrari í þessum efnum til að hægt sé að tryggja viðeigandi stuðning fyrir þennan hóp.

Mikilvægt er í íþróttastarfi að öll börn fái að taka þátt á eigin forsendum en staðan er sú að þau börn sem stunda íþróttir séu útilokuð úr starfinu hafi þau ekki getu til að taka fullan þátt. Afreksmannastefna sem ríkjandi er í íþróttastarfi samræmist ekki þeim markmiðum að allir eigi að sitja við sama borð. Geta til þátttöku, hvort sem um er að ræða líkamlega getu eða tímalega getu (fjöldi tíma sem barnið sér sér fært að mæta) er misjöfn og eiga langveik börn og börn með fatlanir og raskanir ekki að líða fyrir skort á getu til að taka fullan þátt.

Hér er einnig lögð áhersla á að samsetning hópa sé fjölbreytt hvað varðar bakgrunn og reynslu og fagna neðangreind samtök þessari áherslu sem er mjög mikilvægur þáttur í öllu félags- tómstunda og íþróttastarfi, sérstaklega þegar horft er til viðkvæmra hópa.

B Liður. Rekstrar og starfsumhverfi félags- og tómstundastarfs

Tryggja þarf nægt fjármagn í því skyni að hægt sé að auka mannafla en eins og segir í drögunum eiga öll börn að hafa aðgang og jöfn tækifæri til þátttöku í félags-tómstunda og íþróttastarfi auk þess sem það eigi að vera öruggur vettvangur allra barna. Einnig kemur fram að öll börn skuli hafa aðgang og jöfn tækifæri til þátttöku ásamt því að félags-tómstunda og íþróttastarf sé öruggur vettvangur allra barna.

Mikilvægt er að tryggja aukið fjármagn vegna þjálfunar langveikra barna og barna með fatlanir og raskanir með sérstakar stuðningsþarfir. Ekki er hægt að gera ráð fyrir sjálfboðaliðum við þjálfun þessara einstaklinga þar sem oft þarf sérhæfð þekking að vera til staðar. Tryggja þarf einnig að börn frá efnaminni heimilum fái fjárhagslegan stuðning í því skyni að gefa börnum sem búa við þær aðstæður tækifæri til þátttöku til jafns við aðra.

C Liður. Mannauður sem undirstaða félags- og tómstundastarfs

Mannauður sem undirstaða félags-tómstunda og íþróttastarfs er mikilvægur þáttur. Mikill skortur er á sérhæfðri menntun og fræðslu um þarfir langveikra barna og barna með fatlanir og raskanir fyrir þá sem sinna félags-tómstunda og íþróttastarfi, hvort sem um er að ræða starfsmenn eða sjálfboðaliða. Þessu þarf að breyta. Þörf er á nánari útfærslu til að mynda varðandi menntunarkröfur þeirra einstaklinga sem starfinu sinna. Kveðið er á um að samfelld fræðsla, símenntun og þjálfun skuli vera í boði fyrir sjálfboðaliða, starfsfólk og rekstraraðila og mikilvægt er að skýra hver ber ábyrgð á að þessu sé framfylgt og hver eigi að sjá um þessa fræðslu. Ekki síst þarf að vera gerð krafa um að sjálfboðaliðar ásamt starfsmönnum skili inn meðmælum ásamt sakavottorði til að tryggja öryggi þessa viðkvæma hóps.

D Liður. Rannsóknir og þróun í félags-og tómstundastarfi

Hér kemur fram að auka skuli samstarf frjálsra félagasamtaka og háskólasamfélagins í nýsköpun og þróun. Nauðsynlegt er að tilgreindur sé ábyrgðaraðili sem fylgi þessu samstarfi eftir til að það geti átt sér stað en verði ekki einungis falleg orð á blaði.

Neðangreind samtök árétta einlægan áhuga og vilja til samstarfs í vinnu við innleiðingu stefnunnar.

Reykjavík 4. febrúar 2021

Arnþrúður Karlsdóttir, formaður Tourette samtakanna

Árný Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju

Ragna Marinósdóttir, verkefnastjóri Umhyggju

Elín H. Hinriksdóttir, formaður ADHD samtakanna

Lára Guðrún Magnúsdóttir, foreldraráðgjafi Sjónarhóls ráðgjafamiðstöðvar

Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Einhverfusamtakanna